

Til umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings

Umsögn ungmennaráðs Múlaþings við vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir íþróttasvæði utan við Dyngju á Egilsstöðum.

Ungmennaráð þakkar umhverfis- og framkvæmdaráði fyrir að óska eftir umsögn ráðsins við vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir íþróttasvæði utan við Dyngju á Egilsstöðum.

Ungmennaráð lýsir yfir ánægju með tillöguna og telur mikilvægt að koma framtíðarsýn Hattar á uppbyggingu íþróttamannvirkja inn í aðalskipulag sveitarfélagsins. Þessi afstaða ungmennaráðs er þó með fyrirvara um að skipulagsbreytingin skerði ekki um of framtíðar uppbyggingarmöguleika í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Í því samhengi leggur ráðið sérstaka áherslu á að skipulagsbreytingin verði unnin í sem bestri sátt við hlutaðeigandi aðila í heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Að þessu sögðu skal það þó ítrekað að ungmennaráð telur að vel sé hægt að koma til móts við sjónarmið íþróttahreyfingarinnar og aðila í heilbrigðisþjónustu á sama tíma, þó að það kunní að hafa í för með sér einhverjar breytingar á vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi.

30. maí 2022

Einar Freyr Guðmundsson, formaður ungmennaráðs Múlaþings
Dagný Erla Ómarsdóttir, starfsmaður ungmennaráðs Múlaþings